



Forsætisnefnd

Breytingar á fundadagatali borgarstjórnar 2020.

Samkvæmt samþykktu fundadagatali borgarstjórnar fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir sameiginlegum fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráði ungmenna 10. mars 2020 og sameiginlegum fundi með öldungaráði Reykjavíkur 31. mars 2020. Þann 7. mars bárust ráðleggingar frá fulltrúum almannavarna sem höfðu, að höfðu samráði við sóttvarnalækni, metið það svo að starfsfólk sem vinnur með og sinnir einstaklingum sem falla undir skilgreiningu á viðkvæmum hópum ætti að forðast að taka þátt í fjölmönnum mannsöfnuðum. Þetta ætti einnig við um starfsfólk sem sinnir lykilinnviðum og þjónustu sem þurfa að vera órofin á öllum stigum almannavarnaástands, ekki síst neyðarstigi. Slíkt á við um marga starfsmenn sveitarfélaga, þar með talið kjörna fulltrúa, miðlægrar stjórnsýslu og ráðhúss.

Í ljósi þessa tók forseti borgarstjórnar þá ákvörðun að fresta þá boðuðum fundi með Reykjavíkurráði ungmenna og leggja jafnframt til til frestun á fundi með öldungaráðinu. Lagt er fram endurskoðað fundadagatal borgarstjórnar þar sem gert er ráð fyrir að fundur með Reykjavíkurráði ungmenna verði haldinn þriðjudaginn 12. maí nk. og að hann hefjist kl. 16.00. Gert er ráð fyrir að fundur með öldungaráði Reykjavíkur færist til 29. september 2020.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Uppfært fundadagatal borgarstjórnar 2020